

Costco Wholesale Iceland ehf.  
Kauptúni 3  
210 Garðabæ

Reykjavík, 11. mars 2020  
UST202002-382/G.R.G.  
07.04.07

## Málslok

Vísað er til bréfs dags. 28. febrúar 2020 þar sem markaðssetning vörunnar *Prestone Rapid De-Icer* var stöðvuð á meðan rannsókn stóð yfir á því hvort varan væri lögleg á markaði með hliðsjón af því að samkvæmt 69. lið XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) sem innleidd er með reglugerð nr. 888/2015 er kveðið á um að rúðuhreinsi- eða afisingarvökvar, sem innihaldi metanól í styrk sem er jafn mikill eða meiri en 0,6% miðað við þyngd skuli ekki settir á markað fyrir almenning eftir 9. maí 2019.

Þann 4. mars 2020 barst Umhverfisstofnun öryggisblað vörunnar í tölvupósti en þar kemur fram að hlutfall metanóls í vörunni er innan leyfilegra marka. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags 28. febrúar 2020 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með innihaldsefnum skv. öryggisblaði vörunnar og því aðeins gerðar athugasemdir við það. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Costco Wholesale Iceland ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Upplýsingar niðurstöður eftirlitsins og til hvaða úrræða stofnunin greip verða birtar á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Gísli Rúnar Gíslason  
lögfræðingur